

## **Stýrivextir 11-sinnum hærri en verðbólga síðustu þrjá mánuði**

Stýrivextir Seðlabankans er ellefu sinnum hærri en árshraði verðbólgunnar síðustu þrjá mánuði. Hækkun neysluverðsvísitalunnar síðustu þrjá mánuði jafngildir því að verðbólga sé um 1,4% á ári en stýrivexti Seðlabankans eru 15,5%.

Samkvæmt útreikningum Hagstofunnar hækkaði neysluverðsvísitalan um 0,45% milli mánaða í apríl eftir 0,6% lækkun í mars. Umreiknað til ársþækkunar hefur vísitalan hækkað um 1,4% síðustu þrjá mánuði og um 8,7% síðustu sex mánuði.

Ljóst er að þróun verðlags eykur enn þrýsting á verulega vaxtalækkun, líkt og flestir talsmenn atvinnulífsins hafa krafist. Stýrivextir Seðlabankans sem marka stefnuna fyrir aðra vexti eru sagðir langt fyrir ofan það sem eðlilegt getur talist. Dráttarvextir lækka lítillega næstkomandi föstudag en verða engu að síður 22,5%. Daglána vextir Seðlabankans eru 19,5% Lægstu vextir á óverðtryggðum skuldabréfum eru nú 18% en þeir hæstu 25,65%. Af þessu má sjá að verulegt ósamræmi er orðið á milli vaxtastefnu og verðlags.